

## Formáli ritstjóra

Þá er komið að því að fylgja úr hlaði fyrra af tveimur heftum *Ritradar Guðfræðistofnunar* þetta árið. Eins og venjulega kennir ýmissa grasa í þessu hefti. Fremst er að finna merkan fyrirlestur sem dr. Panti Filibus Musa, erkibiskup lúthersku kirkjunnar í Nígeríu og forseti Lútherska heimssambandsins (2017–2023), flutti í Neskirkju í október á síðasta ári. Meðan á Íslandsheimsókn hans stóð, var hann einn af aðalfyrirlesurum á Hringborði norðurslóða (Arctic Circle), auk þess að ræða þar um hlutverk kirkjunnar á tímum loftslagsbreytinga í pallborði, m.a. með Paneeraq Siegstad Munk, biskupi á Grænlandi. Mikill fengur er að fá að birta fyrirlestur erkibiskupsins í *Ritröðinni*, en hann fjallar um mikilvægi kirkjunnar sem boðbera friðar- og sáttargjörðar í stríðshrjáðum heimi. Yfirskrift fyrirlestursins er tekin úr 12. kafla Rómverjabréfsins, þar sem segir: „Lát ekki hið illa sigra þig en sigra þú illt með góðu“ (Róm 12.21).

Haraldur Hreinsson skrifar um „Guðfræði- og trúarbragðafræðideild í breyttu samfélagi“, en hann telur stærstu áskorunina sem deildin standi frammi fyrir sé fækkun nemenda, sem hann tengir samfélagslegum breytingum á síðustu áratugum, ekki síst á hinu trúarlega sviði. Breytt staða „lúthersku meirihlutakirkjunnar“ hefur að mati Haraldar orsakað krísuástand innan íslensku þjóðkirkjunnar, en vegna sögulegra, menningarlegra og praktískra tengsla á milli Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar annars vegar og þjóðkirkjunnar hins vegar færir hann rök fyrir því „að krísur þessara tveggja stofnana tengist sterkum böndum og skarist“. Í lok greinarinnar kynnir Haraldur tillögur sínar um viðbrögð við þeim áskorunum sem deildin stendur frammi fyrir.

Í grein sem ber yfirskriftina „Kirkjuleg lýðræðishreyfing: Lútherskir fríkirkjusöfnuðir á Íslandi fyrir 1915“, og er fyrsta greinin af þremur um þetta efni, fjallar Hjalti Hugason um þær breytingar sem urðu í kjölfar hins trúarlega félagafrelsis sem Íslendingar fengu með stjórnarskránni 1874 og þar til trúarlegt frelsi var aukið til muna með stjórnarskrárbreytingu árið 1915. Hjalti telur að þar með hafi lokið því sem hann kallar „fyrsta þróunarskeið trúfrelsis í landinu“. Á þessum tíma voru stofnuð trúfélög og kirkjudeildir sem störfuðu á öðrum grunni en hinum evangelísk-lútherska, en einnig níu lútherskir fríkirkjusöfnuðir sem störfuðu vítt og breitt um landið. Það er niðurstaða Hjalta að söfnuðirnir hafi starfað á svipuðum játningagrunni og þjóðkirkjan og fylgt í megindráttum fordæmi hennar í helgisíðum. Fólkið sem starfaði innan þessara safnaða hafi heldur ekki sýnt mikinn áhuga á því að víkja frá lútherskum hugmyndum og hefðum og heldur ekki fyrir að aðskilja ríki og kirkju. Miklu frekar hafi safnaðarmeðlimir haft áhuga á að öðlast meira svigrúm til að ráða málum sínum og því megi líta svo á að um „kirkjulega lýðræðishreyfingu“ hafi verið að ræða.

„Loftslagsvandi og loftslagsréttlæti: Til móts við loftslagsbreytta framtíð með óvissu í farteskinu!“ er heiti greinar Sólveigar Önnu Bóasdóttur. Eins og heitið gefur til kynna er viðfangsefnið sú framtíð sem hlýnandi loftslag kann að hafa í för með sér fyrir líf á jörðinni. Spurningarnar sem Sólveig Anna leitast við að svara í greini sinni fjalla m.a. um það hvort og þá hvernig sé hægt að tryggja að jörðin verði áfram öruggur íverustaður. Hún leggur

áherslu á hversu „flókin og margræður loftslagsvandinn“ er og að ekki sé til nein ein rétt aðferð til að bregðast við honum. Eðlis vandans vegna dugi einföld skýringarlíkön og einföld svör ekki. Þvert á móti sér Sólveig Anna lausn í því sem hún kallar „siðfræði óöryggisins“, sem felst í því að við viðurkennum óvissuna og veitum hvert öðru nauðsynlegan stuðning í þessum aðstæðum í staðinn fyrir að boða „rökrétta vissu og skotheldar lausnir tafarlaust“. Hún endar greinina með eftirfarandi hvatningu: „Sættumst við lífið eins og það er, virðum náttúruna og höldum áfram á hraða margræðninnar.“

Í lok heftisins eru tveir ritdómar. Í þeim fyrri fjallar Margrét Eggertsdóttir um greinasafn sem kom út í Danmörku í tengslum við 500 ára afmæli siðbótarinnar þar sem kynntar eru niðurstöður rannsókna á dönskum siðbótarsálmum. Sólveig Anna Bóasdóttir skrifar í síðari ritdómnum um lokaverk femíniska umhverfisguðfræðingsins Sallie McFague en bókin kom út tveimur árum eftir lát hennar. Hér er á ferðinni merkilegt rit sem markar endalokin á einstökum ferli guðfræðings sem lagði meira en flestir aðrir til nýrrar guðfræðilegrar hugsunar og orðræðu í heimi sem tekst á við orsök og afleiðingar hnattrænnar hlýnunar.

Með þessu hefti lýkur fimm ára ritstjórnarferli mínum og því er kominn tími til að þakka fyrir ánægjulegt samstarf við kollega í ritstjórn, höfunda og síðast en ekki síst einstakan prófarkalesara *Ritvæðarinnar*, Áslaugu J. Marinósdóttur, sem með fagmennsku, vandvirkni, ósérhlífni og metnaði tryggir bestu mögulegu útgáfu af textunum sem hún fær í hendurnar hverju sinni. Á þeim 35 árum sem *Ritröð Guðfræðistofnunar* hefur komið út hefur ritið verið vettvangur fræðilegrar umræðu um guðfræðileg viðfangsefni í sinni fjölbreyttustu mynd, ekki síst þverfræðilegrar umræðu. Sú umræða vinnur gegn einangrun guðfræðinnar og hvetur guðfræðinga til að stíga út fyrir þægindarammann, þar sem eitthvað nýtt og spennandi getur orðið til. Kaflaskil urðu þegar hætt var að gefa *Ritröðina* út á pappír og farið að gefa hana eingöngu út á rafrænu formi í opnum aðgangi. Við þá breytingu takmarkast aðgangur að efninu ekki lengur við þröngan hóp áskrifenda og bókasafngesta. Þessi opni aðgangur er að mínu mati lykillinn að því að *Ritröð Guðfræðistofnunar* verði áfram vettvangur gróskumikillar íslenskrar guðfræðiumræðu. Ég vil nota tækifærið til að bjóða nýjan ritstjóra velkominn til starfa og óska honum alls góðs í nýju hlutverki.

*Arnfríður Guðmundsdóttir*